

**26. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
15. desember 2015 og hófst hann kl. 08:00**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1509085 - Starfsáætlun grunnskóla Akraneskaupstaðar 2015-2016**

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skulu skólastjórnendur grunnskóla gefa árlega út starfsáætlun þar sem gert er grein er frá árlegri starfsemi skólans þar á meðal skóladagatali, foreldrasamstarfi, viðfangsefni innra mats, umbótaáætlun, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu.

Á fundinn mættu kl. 8:00 Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla og Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda, Ingibjörg Haraldsdóttir kennari Brekkubæjarskóla og Elís Þór Sigurðsson kennari Grundaskóla áheyrnarfulltrúar starfsmanna í grunnskólum og Alexander Eck fulltrúi foreldra í Grundaskóla, áheyrnarfulltrúar foreldra.

Starfsáætlanir Brekkubæjarskóla og Grundaskóla fyrir skólaárið 2015-2016 lagðar fram. Ráðið þakkar skólastjórnendum fyrir góða vinnu í tengslum við starfsáætlanir.

Kristinn Hallur mætti á fundinn kl. 8:14.

Umræður um ábyrgð og umsjón með skólamannvirkjum, efla foreldrasamstarf, námstími og frímínútur og upplýsingamiðlun til foreldra.

Skóla- og frístundaráð staðfestir starfsáætlanir skólanna.

**2. 1512130 - Skóladagatal 2016-2017**

Undirbúningur er hafinn við gerð skóladagatals 2016-2017. Við undirbúning og gerð skóladagatals skólaárið 2015-2016 óskuðu starfsmenn beggja grunnskóla eftir frekari aðkomu að þeirri vinnu.

Arnbjörg og Ingibjörg viku af fundi kl. 8:40.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir ábendingum, vegna undirbúnings við gerð skóladagatals 2016-2017, frá hagsmunaaðilum skólasamfélagsins; starfsfólk grunnskóla, foreldrum, nemendum, leikskólum, Tónlistarskólanum á Akranesi og Fjölbautaskóla Vesturlands. Óskað er eftir að ábendingar berist ráðinu fyrir 12. janúar 2016.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.

*Signiður Indriðadóttir  
Rakel Óskarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir*

*Kristinn H. Sveinsson  
Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir  
Svala Hreinsdóttir* 44